



**Samgöngufélagið**

Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík - Kt. 620999-3269 - Netfang samgongur@samgongur.is - Vefur www.samgongur.is

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 143/1101**  
**komudagur 7.2.2014**

Bolungarvík, 7. febrúar 2014.

Nefndasvið Alþingis  
netfang: nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um 300. mál á 143. löggjafarþingi 2013-2014. Tillaga til þingsályktunar um skattafslátt vegna kostnaðar við ferðir til og frá vinnu.

Af hálfu Samgöngufélagsins er framkominni þingsályktunartillögu fagnað og eindregið lagt til að hún verði samþykkt. Almennings-samgöngur á Íslandi geta vegna fámennis og strjálbýlis seint orðið raunhæfur valkostur fyrir þá sem sækja þurfa vinnu um langan veg nema á og við þéttbýlustu staði landsins. Er þá fátt annað í boði en einkabíllinn. Kostnaður við að eiga og reka ökutæki er umtalsverður og án efa oft á mörkum þess fyrir marga sem langt eiga að sækja í og úr vinnu að það borgi sig og frekar t.d. að þiggja atvinnuleysisbætur. (Má minna á hér að t.d. er aksturskostnaður ríkisstarfsmanna eins og hann er ákveðinn af ferðakostnaðarnefnd nú kr. 116 pr. km. fyrstu 10.000 km. Gera þetta 5.800 kr. á dag ef 50 km eru eknir eða um 116.000 kr. á mánuði miðað við 20 virka daga. Þessum fjárhæðum er ætlað að endurspeglar heildarrekstrarkostnað algengrar tegundar fólksbíls).

Þá má ekki gleyma þeim tíma sem löng ferðalög fram og til baka hvern dag geta tekið. Ekki síst geta þau skapað óþægindi fyrir þá sem eru með ung börn á heimili sínu eða í leikskóla og þar sem t.d. veður og færð geta truflað samgöngur. Þá er ökutæki viðkomandi gjarnan bundið á vinnustaðnum og verður ekki notað af öðrum heimilismönnum á meðan. Einhver fjárhagsleg ívilnun við ferðir til og frá vinnu ætti að geta létt undir með þeim sem svona stendur á hjá.

Almennings-samgöngur hérlendis eru víðast niðurgreiddar að einhverju marki bæði úr ríkissjóði og af einstökum sveitarfélögum eða samtökum þeirra. Því má segja að það sé ákveðið réttlætismál og stuðli að samræmi að heimila öllum sem að uppfylltum almennum skilyrðum þurfa að komast til og frá vinnu að njóta niðurgreiðslna í einhverri mynd vegna ferðakostnaðar. Þetta ætti að stuðla að því að þeir sem búa í hinum dreifðu byggðum leiti atvinnu yfir stærra svæði og ætti því að sínu leyti að treysta þar byggð.

Eins og þessar hugmyndir eru kynntar virðist ekki miðað við að viðkomandi þurfi að vera á eigin ökutæki heldur aðeins að „greiða þurfa háan kostnað“ fyrir ferðir sínar eins og það er nefnt. Er því fagnað að þessar hugmyndir miði ekki aðeins við að þeir sem noti eigin ökutæki heldur geti þeir sem nota almennings-samgöngur að hluta eða t.d. sameinist í bíla (samakstur) njóti einnig þessa afsláttar enda verði sýnt fram á útlagðan kostnað.

Áréttað skal, eins og nefnt er í greinargerð með frumvarpinu, að þetta leiðir til samræmis milli Norðurlandanna, sem Íslendingar bera sig gjarnan saman við og telja verður jákvætt. Einnig sýnist tiltölulega einfalt að halda utan um þetta innan skattkerfisins og hætta á misnotkun því ekki mikil.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samgöngufélagsins,

  
Jónas Guðmundsson